Nr. 24.
6.
nóvbr.

# Lög

um

þóknun handa forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðs Íslands.

**Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,**

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Af fje því, sem samkvæmt lögum um Söfnunarsjóð Íslands, dags. 10. febr. 1888, 19. gr. a. og 20. gr. a., er ætlað til kostnaðar og varasjóðs, skal veita bókara og fjehirði Söfnunarsjóðsins 100 kr. þóknun hvorum um árið og endurskoðara 50 kr. þóknun um árið; þess utan fær fjehirðir fyrir áhættu af mistalningu $^1/_5$ pro mille af peningum þeim, er hann telur út eða inn; enn fremur má, þegar efni sjóðsins leyfa það, með samþykki landshöfðinga af sama fje veita framkvæmdarstjóra 200 kr. um árið og gæzlustjórum 50 kr. hvorum um árið. Með samþykki landshöfðingja má síðar hækka upphæðir þessar, þó svo, að fje það, sem þannig gengi til þóknunar handa forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðsins, nemi ekkert ár samtals meiru en helmingi af nefndu fje til kostnaðar og varasjóðs.

Framkvæmdarstjóri og fjehirðir skulu, jafnskjótt og þeir fá nefnda þóknun, setja hæfilegt veð, eptir því sem landshöfðingi ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1898.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 6. nóvember 1897.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*Rump.*

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 24.
6te
Novbr.

om

## Honorarer for Islands Sparebanks Direktører og Bestillingsmænd.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,**

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Af det ifølge Lov om Islands Sparebank af 10de Februar 1888 § 19 a og § 20 a til Omkostninger og Reservefond bestemte Beløb skal der bevilges Bogholderen og Kassereren et aarligt Honorar af 100 Kr. hver og Revisor et aarligt Honorar af 50 Kr., hvorhos Kassereren for Ansvaret med Hensyn til Fejltælling erholder $1/5$ pro mille af Bankens Indbetalinger og Udbetalinger. Endvidere kan der, naar Sparebankens Status tillader det, med Landshøvdingens Samtykke af det samme Beløb tilstaas den administrerende Direktør 200 Kr. aarlig og de kontrollerende Direktører 50 Kr. hver aarlig. Med Landshøvdingens Samtykke kunne de anførte Beløb senere forhøjes, dog at de Beløb, som saaledes blive anvendte til Honorarer for Sparebankens Direktører og Bestillingsmænd, intet Aar tilsammen andrage mere end Halvdelen af det nævnte til Omkostninger og Reservefond bestemte Beløb.

Saasnart den administrerende Direktør og Kassereren erholde fornævnte Honorarer, skulle de stille en passende Kaution efter Landshøvdingens Bestemmelse.

§ 2.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1898.

**Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.**

**Givet paa Amalienborg, den 6te November 1897.**

---

**Ministeriet for Island, den 6te November 1897.**

*Rump.*

*Ólafur Halldórsson.*